


**Gunnar Richardsson Thors** f. 3. okt. 1955 í Boston í Massachusetts í Bandaríkjunum.

Faðir: Richard Richardsson Thors, læknir í



Chicago í Bandaríkjunum, f. 6. des. 1920. For.: Richard Thorsson Thors, forstjóri Kveldúlf hf. í Reykjavík, f. 29. apríl 1888, d. 6. apríl 1970, og k.h. Jóna Þórðardóttir Thors, húsfreyja, f. 9. ágúst 1891, d. 9. okt. 1968.

Móðir: Oddbjörg (Stella) Kristinsdóttir Thors, húsfreyja í Chi-

cago í Bandaríkjunum, f. 25. mars 1922. For.: Kristinn Júlíus Markússon, kaupmaður og framkvæmdastjóri Geysis hf. í Reykjavík, f. 5. (kbók 4.) júlí 1894, d. 16. maí 1973, og k.h. Emilía Björg Pétursdóttir, húsfreyja, f. 14. ágúst 1900, d. 19. sept. 1965.

Nám: Stúdent frá New Trier West High School í Northfield í Illinois 1974. B.A. frá Grinnell College í Iowa 1978. Cand. med. frá H.Í. 30. júní 1984, I. eink. (7,48). Amerískt útlendingapróf (ECFMG) 29. febr. 1984 og (FMGEMS) 22.-23. júlí 1986. Amerískt læknaþróf (FLEX) 13. og 15. júní 1989. Sérfræðiþróf í almennum skurðlækningum (American Board of Surgery) 22. mars 1993. Sérfræðiþróf í lýtalækningum (American Board of Plastic Surgery) 12. sept. 1998. – Almennt lækningaleyfi á Íslandi 28. febr. 1986, í New Hampshire 1989-90 og í Illinois í ágúst 1990. Sérfræðingsleyfi í almennum skurðlækningum í Bandaríkjunum 1993 og í lýtalækningum í sept. 1998.

Störf: Á námstíma heilsugæslulæknir á Akranesi júní-júlí 1983. Kandídat á Borgarspítalanum, lyflækningadeild, júní-okt. 1984, á slysadeild jan.-maí 1985, aðstoðarlæknir þar apríl-júlí s.á. og kandídat á Landakotsspítala, handlækningadeild, frá des. 1985 til maí 1986. Heilsugæslulæknir í Keflavík í ágúst 1986. Aðstoðarlæknir á Borgarspítalanum, svæfinga- og gjörgæsludeild, frá sept. 1986 til apríl 1987. Aðstoðarlæknir og sérfræðinám (Intern og Resident) í almennum skurðlækningum á Dartmouth-Hitchcock Medical Center í Hanover í New Hampshire frá júní 1987 til júní 1990 og við University of Illinois College of Medicine at Peoria frá júlí 1990 til júlí 1992.

Sérfræðingur í almennum skurðlækningum hjá Reid Hansen lýtalækni í Peoria í Illinois frá sept. 1992 til júní 1993. Sérfræðinám í lýtalækningum (Plastic and Reconstructive Surgery) hjá Rush Presbyterian St. Luke's Medical Center í Chicago frá júlí 1993 til júlí 1995. Starfandi lýtalæknir á lækningastofu ásamt 6 öðrum lýtalæknum (Suburban Plastic Surgery Associates) í Hoffman Estates í Illinois 1995-98. Hefur starfrækt eigin lækningastofu í lýtalækningum í Chicago (GT Plastic & Reconstructive Surgery) frá 25. sept. 1998. – Önnur störf: Slysælæknir á slysavarðstofum (National Emergency Services, Inc.) í Pekín í Illinois frá 1993 til apríl 1996 og (EMSCO) í Hinsdale í Illinois frá 1995 til apríl 1996.

Maki: 29. júní 1984, Guðrún Vigdís Jónsdóttir, f. 4. okt. 1957, stúdent frá M.R. 1977, cand. med. frá H.Í. 1984, læknir og framkvæmdastjóri lækningastofu. For.: Jón Sigurður Guðmundsson, cand. mag., kennari við Menntaskólann í Reykjavík, f. 11. okt. 1918, og k.h. Guðrún Munda Gísladóttir, húsfreyja, f. 11. des. 1923.

Börn þeirra: 1) Unnur Helga, f. 24. júní 1983, nemi. 2) Magnús Örn, f. 27. júní 1986, nemi. 3) Edda Björk, f. 14. sept. 1988, nemi.

Skyldleiki/tengdir: Guðrún Vigdís Jónsdóttir (maki), Helgi Guðmundsson (langafabroðir), Hildur Thors (þremmenningur), Jón E. Gunnlaugsson (maki föðursystur), Ólafur Gísli Jónsson (mágur), Óttar Guðmundsson (fv. maki tvím. við G.T.), Richard Thors (faðir), Úlfur Agnarsson (maki tvím. við G.T.).

**Gunnar Valtýsson** f. 7. nóv. 1945 í Miðdalskoti í Laugardalshr., Árn.

Faðir: Valtýr Guðmundsson, bóndi í Miðdals-



koti í Laugardalshr., Árn., síðar starfsmaður Raforkumálaföfnunar ríkisins og Orkustofnunar í Reykjavík, f. 6. apríl 1908, d. 21. nóv. 1995. For.: Guðmundur Kristmundsson, sjómaður í Reykjavík, f. 9. sept. 1875, d. 30. des. 1935, og Elínborg Jónsdóttir (frá Ólafsvík), húsfreyja í Reykja-

vík, f. 16. des. 1881, d. 5. júlí 1970. Stjúpmóðir



(Valtýs): Guðríður Davíðsdóttir, húsfreyja í Reykjavík, f. 15. febr. 1867, d. 18. apríl 1954.

Móðir: Sigríður Böðvarsdóttir, ljósmóðir og húsfreyja í Miðdalskoti í Laugardalshr., Árn., síðar mötuneytisstarfsmaður hjá Rafmagnsveitum ríkisins í Reykjavík, f. 29. ágúst 1912, d. 19. apríl 1990. For.: Böðvar Magnússon, bóndi og hreppstjóri á Laugarvatni í Laugardalshr., f. 25. des. 1877, d. 18. okt. 1966, og k.h. Ingunn Eyjólfsdóttir, húsfreyja, f. 2. ágúst 1873, d. 28. apríl 1969.

Nám: Stúdent frá M.R. stfd. 1966, I. eink. (7,81). Cand. med. frá H.Í. 29. jan. 1973, I. eink. (12,95). Amerískt útlendingapróf (ECFMG) í Reykjavík í jan. 1973. Amerískt læknapróf (FLEX) í Bandaríkjunum í des. 1976. Sérfræðipróf í almennum lyflækningum (American Board of Internal Medicine) í Ann Arbor í Michigan 13. sept. 1978. – Almennt lækningaleyfi á Íslandi 13. nóv. 1974, í Wisconsin 8. febr. 1977 og í Michigan 30. júní 1978. Sérfræðingsleyfi í almennum lyflækningum með innkirtla- og efnaskiptasjúkdóma sem undirgrein 21. nóv. 1980.

Störf: Kandídat á Landspítalanum, barnadeild, mars-júní 1973. Staðgengill héraðslæknisins í Egilsstaðahéraði júlí-sept. s.á. Kandídat á Landspítalanum, lyflækningadeild, frá okt. 1973 til jan. 1974, á fæðingardeild febr.-mars s.á. og á handlækningadeild apríl-maí s.á. Kandídat (Intern) á University of Wisconsin Hospital í Madison í Wisconsin í Bandaríkjunum, lyflækningadeild, júní-des. 1974 og á barnadeild frá des. 1974 til júní 1975. Aðstoðarlæknir (Resident) á sama spítala, lyflækningadeild, frá júní 1975 til júní 1978, Fellow á University of Michigan Hospital í Ann Arbor í Michigan frá júlí 1978 til júní 1980 (innkirtlafræði og efnaskiptasjúkdómar). Staðgengill sérfræðings á Borgarspítalanum, lyflækningadeild, júlí-okt. 1980 og júlí-sept. 1981. Sérfræðingur á Reykjalundi, endurhæfingardeild, frá okt. 1980 til júlí 1981. Sérfræðingur á öldrunarlækningadeild Landspítalans frá sept. 1981 til júní 1983. Starfandi sérfræðingur í Domus Medica frá des. 1980. Sérfræðingur á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði frá júní 1983 og jafnframt á Sjúkrahúsinu Sólvangi í Hafnarfirði frá mars 1997. – Kennslustörf: Kennari við University of Wisconsin, lyfjafræðideild, 1978. Stundakennari í öldrunarlæknisfræði við Hjúkrunarskóla Íslands 1981-83 og Nýja hjúkrunarskólann 1982-83, í almennum lyf-

lækningum við Hjúkrunarskóla Íslands 1981-83, í innkirtlafræði við námsbraut í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands 1986-88, Tækniskóla Íslands 1994 og námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands frá 1995. Stundakennari og prófdómari við læknadeild Háskóla Íslands 1993 og 1996.

Ritstörf: Meðhöfundur greina í innlendum og erlendum læknatímaritum.

Maki: 9. nóv. 1968, Sólveig Þorsteinsdóttir, f. 23. febr. 1947, íþróttakennarapróf frá Í.K.Í. 1966, kennarapróf frá K.Í. 1973, stúdent frá K.H.Í. 1974, B.S. í bókasafnsfræði frá University of Eastern Michigan 1979, M.A. í læknisfræðibókavörslu frá University of Michigan 1980, forstöðumaður bókasafns og upplýsingamiðstöðvar Viðskiptaháskólans í Reykjavík. For.: Þorsteinn Einarsson, fv. íþróttafulltrúi ríkisins í Reykjavík, f. 23. nóv. 1911, og k.h. Ásdís Guðbjörg Jesdóttir, húsfreyja, f. 29. ágúst 1911.

Börn þeirra: 1) Þorsteinn Högni, f. 21. apríl 1969, markaðsstjóri. Sambýliskona: Sólveig Erna Jónsdóttir, f. 20. júlí 1972, B.A. í sálfræði. 2) Valtýr Gauti, f. 18. febr. 1974, háskólanemi. 3) Ásdís Sif, f. 21. ágúst 1976, myndlistarnemi. 4) Sigríður Sunna, f. 8. júlí 1988, nemi.

Skyldleiki/tengdir: Ágúst Kárason (faðir tvím. við maka G.V.), Guðni Þorsteinsson (mágur), Kristín Þórisdóttir og Sigríður Þórisdóttir (systurdætur).

**Gunnar Ás Vilhjálmsson** f. 2. júlí 1961 í Keflavík.



Faðir: Vilhjálmur Gíslason, eftirlitsmaður í Keflavík, f. 27. apríl 1933. For.: Gísli Vilhjálmsson, stýrimaður á Brún í Brekkuborpi í Mjóafirði, S-Múl., f. 17. maí 1891, d. 24. apríl 1971, og k.h. Sveinbjörg Guðmundsdóttir, húsfreyja, f. 25. nóv. 1901, d. 10. okt. 1996.

Móðir: Nanna Gunnarsdóttir, matráðskona í Keflavík, f. 28. des. 1935. For.: Gunnar Víglundsson, bóndi og sjómaður á Krossi og Skógum í Mjóafirði, síðar bóndi í Sómastaðagerði í Reyðar-